

Nd.

67. Nefndarálit

um frv. til l. um fóðurtryggingarsjóði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Tveir nefndarmenn hafa þó sérstöðu um nokkur atriði frumvarpsins og áskilja sér rétt til að bera fram sérstakar breytingartillögur.

Með þeim fyrirvara, sem að framan getur, leggur nefndin til, að gerðar verði á frv. eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 2. gr.

a. Á eftir öðrum másl. bætist: sbr. þó 3. gr.

b. Á eftir annari málsgr. bætist: og stendur hver bóndi innheimtumanni sjóðsins skil á greiðslu fyrir það búfé, sem framfleytt er á jörðinni eða hans ábúðarluta af henni.

c. Síðasta málsgr. orðist svo:

Skal það gert á fundum í hreppunum, og séu þeir boðaðir á sama hátt og almennir sveitafundir. Fundina skal halda áður en 6 vikur eru liðnar frá því að samþykktin var gerð á sýslufundi.

2. Við 4. gr., sem verði 3. gr.

a. Í stað „3. gr.“ komi: 4. gr.

b. Aftan við greinina bætist: en ella er samþykktin fallin það ár.

3. Við 3. gr. Greinin verði 4. gr.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Nú er fóðurtryggingarsjóður löglega stofnaður samkvæmt 2., 3. og 4. gr., og á hann þá rétt á því framlagi úr rikissjóði til sýslunnar, sem um getur í 1. gr., en þó aldrei meira en því nemur, sem sýslubúar leggja fram sjálfir.

5. Við 6. gr. Á eftir orðunum „af landbúnaðarráðherra“ komi: að fengnum til-lögum Búnaðarfélags Íslands.

6. Við 7. gr.

a. Annar másl. orðist svo: Innheimtumenn afhenda sjóðstjórninni gjöldin, og skal hún sjá um, að sjóðurinn sé ávaxtaður á tryggan hátt, og aldrei má festa hann þannig, að hann sé ekki til í handbæru fé á haustnóttum.

b. Aftan við greinina bætist: Í reikningum fóðurtryggingarsjóða skal halda sérreikning fyrir hverja jörð í sýslunni, og skal á honum sjást, hvað galdið er í sjóðinn vegna þess búfjár, sem framfleytt er á jörðinni, og á jarðarluta hvers bónda, séu þeir fleiri en einn. Á sama hátt skal sjást, hvað hver bóndi fær að láni úr sjóðnum eða þiggur sem styrk. Á 5 ára fresti skal endurgreiða ábúendum þeirra jarða, sem ekki hafa þurft að nota sjóðinn, hálf framlag þeirra í hann fyrir umrætt árabíl.

Verði ábúendaskipti á jörð, má á sama hátt endurgreiða fráfarandi ábúanda hálf framlag hans í sjóðinn, enda séu þá öll sömu skilyrði til staðar, önnur en færri ára ábúð.

7. Við 8. gr.

a. Á eftir orðunum „afla sér“ komi: hjá forðagæzlumönnum.

b. Á eftir orðunum „komandi vetri“ komi: sé ekki hægt að tryggja ásetningu þeirra á annan hátt.

8. Við 9. gr.
- a. Í stað orðanna „eftir umsögn“ komi: að fengnum tillögum.
 - b. Aftan við greinina bætist: Um tryggingu fyrir andvirði fóðurbætis til handa hreppsnefndum sé ákveðið í samþykki.
9. Upphafl. 10. gr. orðist svo:
- Nú verður almennur fóðurskortur vegna óvenjulegra vetrarharðinda, og er þá sjóðstjórninni heimilt, með samþykki sýslunefndar og að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefndar, að láta nokkuð af fóðurforða sjóðsins endurgjaldslaust til þeirra bænda, sem verst eru staddir með fóðurforða og efnahag, enda sé sannað, að ásetning þeirra að haustinu hafi ekki verið verri en í meðallagi.

Alþingi, 27. febrúar 1936.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Páll Zóphóniasson, fundaskr., frsm.	Pétur Ottesen, með fyrirvara.
Emil Jónsson, með fyrirvara.	Jón Pálmason.	